

Neuberger Berman US Small Cap Intrinsic Value Fund

Eignasafnið er flokkað sem fjármálaafurð sem fellur undir 8. gr. SFDR.

Sem hluti af fjárfestingaferli sjóðsins styður fjárfestingateymið margvíslega umhverfislega og félagslega eiginleika, eins og lýst er nánar hér fyrir neðan. Þessir umhverfislegu og félagslegu eiginleikar eru studdir með því að nota NB ESG hlutfallið. NB ESG hlutfallið er byggt í kringum hugmyndina um umhverfislega, félagslega og stjórnháttartengda áhættu og tækifæri sem eru sértæk fyrir hvern atvinnugeira og fjárhagslega mikilvæg. Það kemur með ESG heildareinkunn fyrir útgefendur með því að meta þá út frá tilteknum ESG mælikvörðum.

Samantekt

Ekkert sjálfbært fjárfestingamarkmið	Eignasafnið styður umhverfislega og félagslega eiginleika en hefur sjálfbæra fjárfestingu ekki að markmiði.
Umhverfislegir eða félagslegir þættir sem eignasafnið styður	Eftirfarandi umhverfislegir og félagslegir eiginleikar eru studdir, eftir því sem við á fyrir hverja atvinnugrein og fyrirtæki, sem hluti af einkunn NB ESG hlutfallsins: Umhverfislegir eiginleikar: loftslagsáhætta; losun gróðurhúsalofttegunda; loftgæði; líffræðilegur fjölbreytileiki og landnotkun; vatnsstjórnun; orkustjórnun; úrgangsstjórnun; eldsneytisnotkun; tækifæri í hreinni tækni; stjórnun á vistferli vara; og uppruni hráefna. Félagslegir eiginleikar: rekstraröryggi og viðbúnaður vegna neyðartilvika; aðgangur að fjármagni; aðgangur að heilbrigðisþjónustu; samband við samfélagið; gagnavernd og -öryggi; heilsa og næring; gagnsæi í verði; heilsa og öryggi; þróun mannauðs; stjórnun vinnuafis; vinnumarkaður fyrir alla; siðferði í viðskiptum; vöruöryggi; gæði og heilindi; kerfisbundin áhættustjórnun; stjórnun lagalegs og reglutengds umhverfis; stjórnun aðfangakeðju, efni af umdeildum uppruna og efnaöryggi.
Fjárfestingaáætlun	Fjárfestingamarkmið eignasafnsins er að leitast við að skila ávöxtun höfuðstóls til langs tíma. Eignasafnið mun fjárfesta aðallega í hlutabréfum gefnum út af smáum fyrirtækjum með aðalskrifstofur í eða stunda meirihluta starfsemi sinnar í Bandaríkjunum og sem eru skráð eða viðskipti stunduð með á viðurkenndum mörkuðum í Bandaríkjunum. Fjárfestingar eignasafnsins í smáum fyrirtækjum verða ekki takmarkaðar eftir atvinnugreinum eða iðnaði. <u>Mat á góðum stjórnarháttum</u> Þeir þættir stjórnarháttanna sem fjárfestingateymið fylgist með eru meðal annars: (i) samsetning stjórnar (ii) skipan umbunar- og hvatakerfis; (iii) eignarhald innherja; (iv) réttindi hluthafa; (v) gagnsæ samskipti; og (vi) fjármagnsskipan og fjárfesting, þar með talið stefnur varðandi virðisaukandi sameiningar og kaup.
Hlutfall fjárfestinga	Eignasafnið miðar að því að eiga beint í lágmarki 75% fjárfestinga sem eru í samræmi við þá umhverfislegir eða félagslegir þættir sem eignasafnið styður. Eignasafnið skuldbindur sig ekki til að eiga sjálfbærar fjárfestingar.

Eftirlit með umhverfislegum eða félagslegum eiginleikum	Fjárfestingateymið tekur til greina margvíslega sjálfbærnivísa til að mæla umhverfislegu og/eða félagslegu eiginleikana sem eignasafnið styður, þar á meðal: I. NB ESG hlutfallið; II. Forðunarskilyrði og þáttökustefnur.
Aðferðafræði fyrir umhverfislega eða félagslega eiginleika	Fjárfestingateymið mun fylgjast með og gefa út skýrslur um frammistöðu ofangreindra sjálfbærnivísa. Þessir sjálfbærnivísar verða notaðir til að mæla árangur hjá hverjum og einum umhverfislegum og félagslegum eiginleikum eignasafnsins og verða innifaldir í áskilinni reglulegri skýrslu eignasafnsins.
Gagnalindir og vinnsla	ESG-gögn eða greiningargögn eru fengin frá eigin fjárfestingarverkfærum og rannsóknum innan fyrirtækisins (sem beitir gagnrýnni hugsun og mannlegri dómgreind í ferlinu), ásamt fjölmörgum gagnasettum, m.a. frá alþjóðlegum fjármálastofnunum, utanaðkomandi gagnasöluaðilum, beinni upplýsingagjöf fyrirtækja, óbeinni upplýsingagjöf fyrirtækja, þróunarstofnunum og sérhæfðum þjónustuaðilum í rannsóknum.
Takmarkanir á aðferðum og gögnum	Takmarkanir á bæði aðferðum og gögnum eru meðal annars, en takmarkast ekki við: skortur á stöðlun í aðferðafræði gagnaveitu, ófullkomnir staðlar varðandi upplýsingagjöf fyrirtækja og ósamræmi við þau ESG-gögn fyrirtækja sem veitt eru af söluaðilunum; ósamræmi í aðferðafræði söluaðilanna við upplýsingagjöf varðandi ESG-gögn og birtingu gagna sem notuð eru til að draga fram mæligildi utanaðkomandi aðila; ósamræmi í stigskipun fyrirtækja og auðkennum aðila getur leitt til ósamræmis í því hvernig gagnaveitur úthluta og kortleggja ESG-gagnasett til verðbréfa; litlar upplýsingar um fyrirtæki hvað varðar tiltekna vísa og eignaflokka, sérstaklega hjá einkafyrirtækjum og fyrirtækjum á nýmörkuðum; ósamræmi í gagnagæðum og upplýsingum um fyrirtæki fyrir einkamarkaði (skuldir og eigið fé); sum gagnasett eru birt með umtalsverðum tölum og sum gögn frá utanaðkomandi aðilum eru byggð á gagnaáætlunum. Neuberger Berman er fullvisst um að fyrir fjármálaafurðir þess, flokkaðar sem 8. gr. eða 9. gr samkvæmt SFDR, hafa þessar takmarkanir ekki áhrif á stuðning við umhverfislega eða félagslega þætti, eða hvort fjármálaafurðin geti náð sjálfbæra fjárfestingamarkmiðinu sem hún hafði skuldbundið sig til.
Áreiðanleikaúttekt	Áður en fjárfestingar eru gerðar mun Neuberger Berman gera hæfilega og viðeigandi áreiðanleikaúttekt byggða á staðreyndum og aðstæðum sem gilda um hverja fjárfestingu.
Þáttökustefnur	Þátttaka er mikilvægur hluti af fjárfestingaferli eignasafnsins.
Viðmiðunarvísitala	Á ekki við

Síðast uppfært: 1. júlí 2025